

RAP IT UP: LEITAÐ AÐ HIP-HOP HÆFILEIKAFÓLKI 2011

Norræna Rapp-keppnin Rap it Up hefst 11. maí. Að henni kemur fjöldi þekktra listamanna og hiphop-fræðinga frá öllum Norðurlöndunum. Meðal þeirra sem eru í dómnefnd eru sænski útvarpsmaðurinn **Ametist Azordegan** og rappararnir **Johan "Organismen" Hellqvist** (Svíþjóð), **Per Vers** (Danmörku) og **Redrama** (Finnlandi).

Að Rap It Up standa Samband Norrænu félaganna með stuðningi frá Norræna menningarsjóðnum og Norrænu ráðherranefndinni. Meðal samstarfsaðila eru Norðurlandasvið Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Brussel (UNRIC) og sænsk-norska hiphop tímaritið Kingsize..

Keppnin er opin öllum ungum röppurum á Norðurlöndum á aldrinum 14 til 22 ára sem rappa á einu norrænu tungumálanna.

Rap It Up keppnin fer fram með gagnvirkum hætti á heimasíðunni www.rapitup.org. Keppendur hlaða upp einföldum myndböndum á síðuna og sérfræðinganefndin velur bestu framlögin til að keppa á stóru Norðurlandamóti í Stokkhólmi 30. september. Sigurvegarinn fær bæði verðlaunafé og tækifæri til að taka upp í fyrsta flokks hljóðveri í Stokkhólmi með viðurkenndum upptökustjóra.

Til að fá meiri upplýsingar um Rap It Up sjá www.rapitup.org eða hafið samband við **Christoffer Silverberg**: christoffer@silverbergpromotion.se

Til að fá meiri upplýsingar um Samband norrænu félaganna og norræna tungumálastarfið, hafið sambandið við verkefnisstjórnann **Carl Liungman**: carl@norden.se.

Rap It Up er hluti af samnorrænu verkefni til að brúa bil á milli norrænna ungmenna og hvetja þau til að ræðast við á norrænum málum, efla samskipti og skapa nýja möguleika til aukins skilnings, samlögunar og samræðna.

Samband Norrænu félaganna er regnhlífarsamtök Norrænu félaganna á öllum Norðurlöndunum sem vinna að því að auka og efla norrænt samstarf á vinnumarkaði og í atvinnulífinu, menntun, fjölmiðlun og ekki síst menningu. Stefnan er að gera Norðurlönd að svæði tækifæranna í krafti þekkingar, vináttu og samstarfs. Sjá nánar: www.fnf.se <<http://www.fnf.se>> og www.norden.is.

